

**Brjef landshöfðingja til landlæknisins um kennslu yfirsetukvennaefna** — Eptir 29  
 að amtmaðurinn yfir suður- og vesturamtinu hafði beiðst míns úrskurðar um það, hvort 1. marz  
 yður, herra landlæknir, sje heimilt að neita að taka konuna Vilborgu Matthildi Andrjes-  
 dóttur, er hafi verið kosin til að verða yfirsetukona í 7. yfirsetukvennahjæraði Snæfells-  
 ness- og Hnappadalssýslu, að afloknu prófi í yfirsetukvennafræði, til kennslu svo tíman-  
 lega, að hún gæti gengið undir próf, áður en hún á komanda vori flytur búferlum  
 vestur í Staðarsveit, hafið þjer í þóknanlegu brjefi, dags. 19. f. m., færst undan því  
 að taka ofanefnda konu til kennslu, nema þjer fáíð beinlínis skipun frá lands-  
 höfðingja til að gjöra það, eða að slíkar fastar fyrirskipanir verði gjörðar um reglulega  
 kennslutíma í yfirsetukvennafræði svo tímanlega, að þessi kona geti notið kennslunnar  
 á þessum tíma þetta árið, en jafnframt hafið þjer skýrt frá, að þjer hafið birt það í  
 blöðunum, að þjer aðeins takið yfirsetukonur til kennslu í októbermánuði ár hvert, og  
 að þjer nýlega hafið lokið kennslu nokkurra yfirsetukvenna, er byrjuðu nám sitt hjá  
 yður í haust.

Með tilliti til þessa, skal jeg taka fram, að jeg að vísu verð að fallast á það álit  
 yðar, að þjer ekki sjeuð skyldir til að taka á móti yfirsetukvennaefnum til kennslu á  
 hverjum helzt tíma, sem einhver yfirsetukona kynni að æskja þess, og að jeg þessvegna  
 álit rjettast, að sett sje föst ákvörðun um, hvenær yfirsetukvennakennslan skuli fara  
 fram. En jeg get ekki álitíð, að fullnægt sje sanngjörnum kröfum í þessu tilliti með  
 því að haga kennslunni á þann hátt, er þjer hafið fyrirhugað, þar sem það einkum, ef  
 kennslan ekki fer fram nema einusinni á ári, má álitast óhentugt, að kennslutíminn sje  
 að haustinu og framan af vetrinum. Eins og yður er kunnugt, hefur amtsráð suður-  
 amtsins haldið því fram, að kennslutíminn helzt ætti að byrja 15. septbr. og 15. maí  
 á ári hverju, en 1. maí, ef kennslan færi ekki fram nema einusinni á ári, og virðist  
 mjer ástæða til, að farið sje eptir þessum tillögum amtsráðsins.

Jeg verð þessvegna hjermeð að skora á yður að taka yfirsetukvennaefni til kennslu  
 á næstkomandi vori þannig, að kennslan byrji eigi síðar en 1. maí, og er þessi tími  
 hjermeð ákveðinn sem kennslutími yfirsetukvenna fyrst um sinn, og getur þá konan  
 Vilborg Matthildur Andrjesdóttir orðið aðnjótandi kennslunnar, hvort sem fleiri en hún  
 gefa sig fram til að nota hana eða ekki; en jafnframt skal jeg geta þess, að jeg mun  
 leita álits einnig hjá amtsráðunum í vesturamtinu og norður- og austuramtinu um það,  
 hvort una megi við það, að kennsla og próf í yfirsetukvennafræði fari fram aðeins einu  
 sinni á ári, og um það, hver tími megi álitast hentugastur. En áður nokkur ákvörðun  
 verði þar eptir gjörð, mun verða leitað álits herra landlæknisins.

### Auglýsing.

Þeim 10,000 kr., sem samkvæmt 10. gr. C. 4. í fjárlögum fyrir 1884 og 1885  
 eiga fyrir árið 1884 að skiptast milli sýslunefnda og bæjarstjórna, að hálfu eptir fólks-  
 fjölda og að hálfu eptir samanlagðri tölu jarðarhundraða og lausafjrhundraða, til efl-  
 ingar búnaði, hefur nú verið jafnað niður á sýslu- og bæjarfjelögin eptir sömu aðferð,  
 og höfð hefur verið áður við samskyns fjárveitingu fyrir fjárhagstímabilið 1882 og 1883.  
 Þó skal þess getið, að lausafjrhundraðin hafa nú verið talin eptir skattreikningunum

8. d. marzm. 1884.

30  
1. marz.

30 fyrir 1882 eða einsog þau voru 1881, og fólkestalið 1880 tilfært eptir skýrslu hagfræðis-  
1. marz. deildarinnar í Kaupmannahöfn, sem er í nokkru frábrugðin bráðabirgða-yfirliti því yfir  
fólksfjöldann, sem áður hefur verið farið eptir.

Upphæðir þær, er hvert sýslu- eða bæjarfjelag fyrir sig fær til umráða, eru  
þessar :

Sýslur og bæjarfjelög.	Lausafjár- hundruð árið 1881.	Fasteignar- hundr. eptir jarðab. 1861.	Manntal 1/10 1880.	Upphæð, kr.
1. Austur-Skaptafellssýsla . . .	1305.0	1013.5	1275	170
2. Vestur-Skaptafellssýsla . . .	2869.5	2049.5	2229	320
3. Rangárvallasýsla . . . . .	4924.0	7468.4	5360	800
4. Árnessýsla . . . . .	5420.0	8606.8	6257	920
5. Vestmannaeyjasýsla . . . . .	106.0	389.5	557	60
6. Gullbringu- og Kjósarsýsla . . .	2128.5	4821.5	5660	630
7. Reykjavíkurkaupstaður . . . . .	259.0	355.5	2567	200
8. Borgarfjarðarsýsla . . . . .	1823.7	3747.4	2598	370
9. Mýrasýsla . . . . .	2222.4	3286.2	2328	350
10. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla	1715.4	4261.7	3272	430
11. Dalasýsla . . . . .	2148.0	3692.6	2357	360
12. Barðastrandarsýsla . . . . .	1305.6	3877.2	2857	380
13. Ísafjarðarkaupstaður . . . . .	94.0	14.4	518	40
14. Ísafjarðarsýsla . . . . .	2025.9	3768.7	5033	550
15. Strandasýsla . . . . .	1419.8	1554.2	1861	230
16. Húnavatnssýsla . . . . .	5951.0	7209.4	5028	800
17. Skagafjarðarsýsla . . . . .	4883.0	7667.9	4599	750
18. Eyjafjarðarsýsla . . . . .	4130.5	7901.0	4780	740
19. Akureyrarkaupstaður . . . . .	92.0	12.3	545	40
20. Suður-Þingeyjarsýsla . . . . .	3238.2	5191.6	3765	550
21. Norður-Þingeyjarsýsla . . . . .	1364.0	1840.8	1571	220
22. Norður-Múlasýsla . . . . .	4759.5	4159.0	3825	570
23. Suður-Múlasýsla . . . . .	3990.4	3866.0	3603	520
	58175.4	86755.1	72445	10000

Um leið og jeg kunngjöri þetta, skora jeg hjermeð á sýslunefndir þær og bæj-  
arstjórnir, er hlut eiga að máli, að senda mjer sem fyrst tillögur sínar um, hversu verja  
skuli samkvæmt ákvæðum fjárlaganna upphæð þeirri, er hverju sýslu- eða bæjarfjelagi  
er ætluð, eptir því sem að framan er skráð, fyrir árið 1884. Þá er tillögurnar svo eru  
samþykktar, mun hver upphæð verða ávísuð til útborgunar úr landssjóði.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 1. marz 1884.

**Bergur Thorberg,**

settur.

**Jón Jenson,**  
settur.